**Ed.** **8. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að íhuga sjálfstæðismál landsins.

Flutningsmenn: Karl Einarsson, Kristinn Daníelsson, Guðmundur Ólafsson, Jóh. Jóhannesson, Eggert Pálsson, Hjörtur Snorrason, Magnús Torfason.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga og koma fram með tillögur um, hverjar ráðstafanir gera skuli til að ná sem fyrst öllum vorum málum í vorar hendur og fá viðurkenning fullveldis vors.